

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



<b>Dags eftirlits</b>	11.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Tómasson	<b>Staðsetning</b>	733858,42	539323,093

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi, en ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Seyðisfirði, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar mælingar sem kröfur eru gerðar um reyndust í lagi, en skráningar á viðhaldi og eftirliti með stöðinni teljast ónógar. Ekkert fannst skráð um eftirlit með olíuskilju. Upplýst var að Bólholt ehf. þjónustaði skiljuna í júlí 2013. Bæta þarf skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni.

Upplýsingar um olíuleifar í frárennsli olíuskilju hafa borist Umhverfisstofnun. Notað var olíupróf Macherey Nagel og fannst olía ekki í frárennslinu.

Þrír geymar eru í stöðinni og hafa þeir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrýstiprófanir á lögnum niður á bryggju voru gerðar í fyrra (2012) og hafa allar lagnir staðist tilskildar prófanir á síðustu fimm árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Skráningar

Bæta þarf skráningar í stöðinni. Samkvæmt starfsleyfi skal skrá eftirlit, viðhald og bilanir í rekstrarhandbók.

Reykjavík, 07.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.